

Tillögur þessar varða ráðstafanir til að bæta afkomu ríkissjóðs og aðrar breytingar sem komu inn í fjármálaáætlun 2020 til 2024 og hafa því væntanlega verið ræddar í ríkisstjórn sumarið 2019.

Á málefnasviðum félagsmálaráðuneytisins komu aðgerðir sem snúa áttu að því að draga úr útgjaldavexti. Hjá félagsmálaráðuneyti voru þessar ráðstafanir settar á tilfærslukerfi almannatrygginga og í samspili við endurhæfingu og starfsendurhæfingu og fengu heitið endurmat útgjalda - tilfærsluliðir. Fjárhæðirnar dreifðust á málefnasvið 27, 28 og 30. Þannig ætti þetta endurmat að endurspeglar árangur af áherslu á endurhæfingu og því ekki að fela í sér beinan niðurskurð. Þetta hefur ekki áhrif á greiddar bætur og hefur ekki neina lækkun í för með sér, en á að nást fram með lækkun á nýgengi örorku.

Samtals var um að ræða 2.000 m.kr. upphaflega sem dreifðist á árin 2021-2024 og svo á tilfærsluliði milli málefnasviða, upphæðirnar breyttust við vinnslu áætlunarinnar.

2020	2021	2022	2023	2024
0	-500	-1000	+300	-100

Í ár dreifast 700 m.kr.